

8. desember 2008

Rannsókn á viðskiptum Birnu Einarsdóttur lokið

Fjármálaeftirlitið hefur haft til athugunar viðskipti Birnu Einarsdóttur og félags hennar, Melkorku ehf., við Glitni banka hf., um kaup á hlut í hinum síðastnefnda. Þar sem málið hefur fengið talsverða opinbera umfjöllun vill Fjármálaeftirlitið taka eftirfarandi fram.

Gögn málsins, m.a. tölvupóstar og viðskiptayfirlit, sýna að umrædd hlutabréfaviðskipti náðu í raun ekki fram að ganga vegna vanrækslu af hálfu „gamla“ bankans. Ekkert í gögnum málsins benda til annars en að Birna Einarsdóttir hafi verið í góðri trú og að vanefnd stafi af ástæðum sem eru óviðkomandi henni.

Af þeirri ástæðu er ekki tilefni til aðgerða af hálfu Fjármálaeftirlitsins gagnvart Birnu Einarsdóttur eða Melkorku ehf.

Athugun á tilkynningar- og birtingarskyldu „gamla“ Glitnis banka hf., stendur enn yfir.